

71 fundum bæjarstjórnarinnar, læt jeg ekki hjálða þjónustusamlega að tjá yður til þóknan-
6. apríl. legrar leiðbeiningar og birtingar að standa, verður við úrskurð þann, sem þjer hafið fellt um þetta mál 15. febrúar f. á.¹ og er þar svo að orði kveðið, að bæjarfógetinn hafi rjett til að taka þátt í atkvæðagreiðslu bæjarstjórnarinnar.

72 — *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um tíundarskyldu presta.* — Í
12. apríl. brjefi frá 8. p. m. hafa stiptsyfirvöldin skotið til úrskurðar míns eptirnefndum spurningum prófastsins í Árneprófastsdæmi.

1. hvort lög 12. júlí 1878 skyldi presta til að greiða lausafjártíund til kirkna og prestaekkjur til að greiða sama gjald til prests og kirkna.

2. hvort rjett sje á prestssetrum að draga frá áhöfn jarðanna sem kúgildi 1 lausafjárhundrað fyrir hver 5 jarðarhundruð, án tiltits til þess, hvort prestakallið á svo mörg kúgildi á jörðunni.

3. hvort leyfi það standi en óhaggað, sem gefið var í 4. gr. reglugjörðar 17. júlí 1782, til að draga undan tíund hross þau og geldfje, er fylgir sumum prestaköllum.

Fyrir því er yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda:

Við 1. Eins og það hefir verið tilgangurinn með lausafjártíundar-lögin frá 12. júlí 1878, að gefa ítarlegar fyrirskipanir um hverjir eigi að greiða þetta gjald, þannig sýna orðin í 1. gr. laganna, þegar þau eru borin saman við 12. gr., að allar þær undanþágur frá lausafjártíund, sem hin eldri löggjöf einkum 4.—6. gr. reglugjörðar 17. júlí 1782 heimila, eru úr gildi gengnar. Jeg fæ því eigi betur sjeð, en að hin sama skylda hvíli nú á prestum og prestaekkjum sem á öðrum til að greiða lausafjártíund. Að öðru leyti er það vitaskuld, að hlutaðeigendur geta óskt úrskurðar dómstólanna um þetta mál.

Við 2. Jeg er á sama máli og stiptsyfirvöldin um það, að 8. gr. laga frá 12. júlí 1878 veiti ekki heimild til að draga frá framtalinu til tíundar fleiri föst innstæðukúgildi, en prestssetrinu fylgja í raun rjettri, þó þessi kúgildi sjeu færri en 1 fyrir hver 5 jarðarhundruð.

Við 3. Eins og að ofan er tekið fram, má álíta, að 4. gr. reglugjörðarinnar 17. júlí 1782 sje afmáð með lögum frá 12. júlí 1878.

73 — *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa prestakalli.* —
13. apríl. Eptir að hafa með tekið þóknanlegt álit stiptsyfirvaldanna í brjefi frá 8. p. m. viðvíkjandi beiðni frá prestinum að Felli í Skagafjarðarprófastsdæmi um lán úr landssjóði til þess að þurrka upp stöðuvatn í landi prestssetursins, vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að jeg fellst á, að tjeð prestakall taki 300 kr. lán til hins nefnda fyrirtækis, og að lán þetta muni geta fengizt úr landssjóði með þeim kjörum, að fyrstu 5 árin sjeu að eins greiddir 4% ársvextir af því, en síðan sjeu auk vaxtanna greiddar á hverju ári 25 kr. upp í höfuðstólinn, þannig að lánið verði að fullu endurborgað á 12 árum.

74 — *Ágrip af brjefi landshöfðingja til biskups um uppbót á prestaköllum.* —
13. apríl.

1) Sjá stjórnartíðindi 1879 B: 28, bls. 27—28.